

## Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 7. júní 2018 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-87/2017.

### I

#### Álitaefni og kröfugerð

Þann 22. nóvember 2017 bað X hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á bifreið af Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi segir seljanda hafa selt sér bifreið sem var framleidd árið 2016 en ekki 2017 og krefst afhendingar á nýrri bifreið.

### II

#### Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 27. nóvember 2017, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og honum veittur tveggja vikna frestur til að skila þeim. Andsvör seljanda bárust nefndinni 8. desember 2017. Þann 11. desember 2017 voru álitsbeiðanda send andsvörin til upplýsinga og bent á heimild hans til að hafa uppi athugasemdir vegna andsvaranna. Hann nýtti sér ekki þá heimild og nefndinni bárust ekki frekari athugasemdir. Með bréfi, dags. 1. júní 2018, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

### III

#### Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi festi kaup á bifreiðinni XX-000, af gerðinni Toyota Proace, af seljanda þann 26. september 2017. Álitsbeiðandi hafði áður keypt bifreið af sömu tegund af seljanda, en fékk framangreinda bifreið afhenta í stað þeirrar fyrri því sú fyrri var haldin galla vegna ryðs. Greiddi álitsbeiðandi 90.000 krónur fyrir nýja afhendingu.

Álitsbeiðandi kveðst hafa ætlað að kaupa bifreið sem var framleidd árið 2017. Eftir afhendingu nýju bifreiðarinnar hafi hann því athugað „VIN númer“ bifreiðarinnar og af því númeri verði ráðið að bifreiðin hafi verið framleidd árið 2016. Sú niðurstaða stafar að sögn álitsbeiðanda af því að tíundi stafurinn í VIN númerinu sé „G“ sem standi fyrir árið 2016 á meðan stafurinn „H“ standi fyrir árið 2017. Telur álitsbeiðandi að tilgreind framleiðsludagsetning bifreiðarinnar hafi verið röng við kaupin og bifreiðin hafi í raun verið framleidd árið 2016 en ekki 2017. Krefst álitsbeiðandi afhendingar á nýrri bifreið.

### IV

#### Andsvör seljanda

Í andsvörum sínum bendir seljandi á að um misskilning sé að ræða. Bókstafurinn „G“ í VIN númeri bifreiðarinnar segi aðeins til um útgáfuár á gerðarviðurkenningu gerðar bifreiðarinnar, Toyota Proace, en tengist hins vegar ekki framleiðsludagsetningu bifreiðarinnar. Seljandi bendir á að fram komi í gögnum málsins að framleiðsludagsetning bifreiðarinnar sé þann 1. mars árið 2017.

### Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Líkt og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina XX-000, af gerðinni Toyota Proace, þann 26. september 2017 af seljanda. Telur álitsbeiðandi að bifreiðin hafi verið framleidd árið 2016 en ekki 2017 og krefst afhendingar á nýrri bifreið.

Kæruneftndin álítur að um kaupin gildi 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.) en samkvæmt 1. mgr. 15. gr. laganna skal söluhlutur fullnægja þeim kröfum sem leiðir af samningi hvað varðar tegund, magn, gæði, aðra eiginleika og innpökkun. Söluhlutur telst gallaður samkvæmt a-lið 1. mgr. 16. gr. nkpl. ef hann er ekki í samræmi við kröfur sem gerðar eru í 15. gr. Þá er söluhlutur gallaður samkvæmt b-lið 1. mgr. 16. gr. ef seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda hafi vanrækslan haft áhrif á kaupin.

Af öllum gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að bifreiðin hafi verið framleidd þann 1. mars árið 2017. Kemur sú dagsetning skýrlega fram í viðmiðum framleiðanda að framleiðsludagsetning, eða „production date“ á ensku, sé hinn 1. mars árið 2017. Er því ekki unnt að fallast á það með álitsbeiðanda að bifreiðin hafi verið gölluð sem veiti honum rétt til að beita vanefndarúrræðum gagnvart seljanda, þar á meðal kröfu um afhendingu nýrrar bifreiðar.

Verður því að hafna kröfu álitsbeiðanda.

### VI Álitsorð

Kröfu álitsbeiðanda, X, er hafnað.

---

Áslaug Árnadóttir  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hrannar Már Gunnarsson